




Háteigur



12. árgangur 11. tbl.

11. desember 2008

Gleðileg jól!

<http://hateigsskoli.is>

Jólapistill skólustjóra

Ágætu lesendur

Nú líður senn að jólum. Sjaldan hefur verið jafn mikilvægt og nú í skugga atburða haustsins að minna sig á að njóta jólanna og gera það. En hvernig nýtur maður svo jólanna? Ég held með því að hugsa fyrst og fremst um aðra en sjálfan sig, gleðjast yfir hverju augnabliki sem veitir birtu og yl inn að hjartarótum. Andá svo djúpt og rólega og minna sjálfan sig á að sjálfur lífsandinn er ekki sjálfsagður frekar en annað.

Vegna efnahagsástandsins eru margir farnir að rifja upp gömul gildi og ef marka má fréttir þá virðist fólk kaupa frekar íslenskan varning ef þess er kostur. Það er eins og fólk átti sig á mikilvægi þess að styðja við verðmætisköpun á Íslandi til að nota ekki dýrmætan gjaldeyri. Samstaða er einnig um að minnka áhrif væntanlegra þrenginga. Það er dýrmætt að finna fyrir samtakamætti almennings í margvíslegu samhengi í aðdraganda jólanna.

Við heyrum af því að Hjálparstofnun kirkjunnar hliðrar til í skipulagi til að sem flestir sjálfbodaliðar komist að. Svona er þetta einnig hjá Rauða krossinum og víðar þar sem fólk leggur að mörkum með sjálfbodaliðastarfi. Svo er einnig um stofnanir svo sem grunnskólana sem eru í viðbragðsstöðu og þjónustumiðstöðvarnar. Í borgarstjórn var snemma tekin sú ábyrgja afstaða að mynda einingu flokkanna um fjárhagsáætlun næsta árs.

Strax í október var byrjað að skoða með hvaða hætti borgarkerfið ætti að bregðast við aðstæðum í leik- og grunnskólum. Hinn 17. október kom nefnd saman sem fékk yfirskriftina „Börnin í borginni“. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með, hlusta og hjálpa. Fræðslustjórinn í Reykjavík er formaður nefndarinnar. Í nefndinni sitja þeir sem koma að mjúku málunum, eins og við höfum leyft okkur að kalla þau, þar sem börnum og uppeldi er sinnt í Reykjavík. Þegar hafa verið haldnir sex fundir. Fulltrúi af hverju sviði gerir grein fyrir því hvort breytingar séu á líðan barnanna eða starfsfólksins sem sinnir þeim. Fræðslustjóri kemur tillögum á framfæri við borgarstjóra til að tryggja að ákvarðanir sem nauðsynlega þarf að taka séu byggðar á upplýsingum um

ástandið eins og það birtist þeim sem vinna með börnunum.

Ástandið kom yfir eins og svört ábreiða á þjóðfélagið. Í upphafi brást starfsfólk skólanna við þessum aðstæðum með reiði eins og aðrir en varð sér fljótt meðvitað um mikilvægi þess að minnka reiðiviðbrögð í samræðum og forðast æsing. Í mörgum skólum var brugðið á það ráð að lífga upp á vinnudaginn hjá starfsfólki og nemendum með einum eða öðrum hætti. Á vegum nefndarinnar er búið að setja saman heimasíðu með upplýsingum og ráðgjöf. Skólunum stendur margvísleg þjónusta til boða til að fást við þær óvenjulegu aðstæður sem upp gætu komið á næsta ári. Þjónustumiðstöðvarnar hafa tilbúna viðbragðaáætlun sem kölluð er „Þjónusta fyrir einstaklinga og fjölskyldur“.

Mín tilfinning er að almenningur og þjónustustofnanir séu þegar í viðbragðsstöðu og hafi krækt höndum saman. Það er gott að finna fyrir þessum samhengi sem ríkir nú í aðdraganda jólanna.

Með ósk um gleðileg jól,
Ásgeir Beinteinsson,
skólustjóri Háteigsskóla

Öryggi í umferðinni

Við viljum minna foreldra á að passa upp á að börnin séu með endurskinsmerki á töskum og á yfirfatnaði. Litlu munaði um daginn að bíll æki á barn hér skammt frá vegna þess að barnið var dökkklætt og sást því ekki í myrkrinu. Þösum því hvert annað!

Veturinn

Nú fellur snjór og í götur glittir.
Litlu börnin kát og hress
út í snjóinn fara.

Og sums staðar glittir í jólaljós
því jólin nálgast í Reykjavík.

María Ása Auðunsdóttir, 4. bekk

**Þessa gullfalegu dúkristu gerði
Erna Kanema Mashinkila í 6. bekk**

Jólasveinninn

Jólasveinninn er klár. Hann er bestur því hann gefur börnunum í skólinn. Gunnhildur Brynja Bergsdóttir, 2. bekk



Vel heppnuð ferð

Það var kátur hópur sem lagði upp í rútu frá Háteigsskóla um þrjúleytið föstudaginn 31. október. Þar voru á ferð 8. bekkingar og foreldrar þeirra og var ferðinni heitið að Laugalandi í Holtum. Á leiðinni var komið við í Helliðarvirkjun þar sem m.a. er að finna stærsta snertiskjá í Evrópu en ekki vöktu hundrað og þriggja tommu sjónvarpsskjáir minni athygli! Þegar upplýsingafulltrúi virkjunarinnar hafði leitt hópinn í allan sannleika um starfsemiina bauð hann upp á kók og prins við mikinn fögnuð en að því búnu var ferðinni haldið áfram.

Að Laugalandi er starfræktur skóli en þar á bæ hafa menn verið afar liðlegir undanfarin ár að taka á móti hópum úr Háteigsskóla. Við komuna þangað tundu ferðalangar þjónkur sínar í hús og fundu sér svefnstæði – strákar og pabbar í einni flatsæng en stelpur og mömmur á öðrum stað. Að því búnu skelltu allir sér í sundlaugina og skemmtu sér þar hið besta og ræddu landsins gagn og nauðsynjar í heita pottinum.

Eftir kvöldmatinn, sem ein mamma átti heiðurinn af að elda, var haldin kvöldvaka. Þar tróðu upp bæði foreldrar og nemendur með leiki, söng og dans. Að því búnu var slegið upp diskóteki og dansað fram eftir kvöldi. Þeir sem ekki vildu dansa gátu fengið útrás í boltaleikjum og öðru fjöri í leikfimisalnum.

Laugardeginum var varið til frekari sundiðkunar, leikja og frágangs þar til haldið var heim á leið upp úr hádegi. Það var samdóma álit allra að ferðin hefði heppnast vel. Bæði krakkar og foreldrar komu ánægð og úthvíld í bæinn eftir afslappaða og gefandi samveru. Krakkar! Þið eruð frábær og við hlökkum til að fara með ykkur í næstu ferð!

Foreldrar

6. HHF sigurvegari í myndbandakeppni

Fyrirtækið 66°N efndi til myndbandakeppni grunnskólanna núna í haust. Allst bærust 80 myndbönd í keppnina og var fjölbreytni myndbandanna mikil, allt frá klippimyndum að tónlistarmyndböndum.

Sigurvegari í yngri flokknum (1. - 7. bekk) var 6. HHF í Háteigsskóla en þau gerðu klippimyndband um Björn sem kemur til Íslands. Í umsögn dómnefndar kemur m.a. fram að það sést að mikil vinna og metnaður hefur verið lagður í myndbandið. Það sést meðal annars á leikmyndinni sem krakkarnir gerðu. Hægt er að sjá sigurmyndandið á heimasíðu fyrirtækisins. Það var Rannveig leiklistarkennari sem var vinningsliðinu til aðstoðar við gerð þessa myndbands.

Verðlaunin eru ekki af verri endanum en Háteigsskóli fékk SONY HDR-HC5 myndbandsupptökuvél að andvirði 110.000 kr. sem nemendur skólans munu fá aðgang að. Auk þess fengu nemendur 6. HHF fatnað frá 66°N í verðlaun.

Við óskum þeim innilega til hamingju!

Snjókarlinn og ofninn

Einu sinni var snjókarl. Hann var úti í garði, en inni í húsinu var ofn sem snjókarlinn var ósköp skotinn í. En snjókarlinn vissi að ef ofninn kæmi til hans myndi hann bráðna. Ofninn var líka skotinn í snjókarlinum og hann vissi líka að ef snjókarlinn kæmi til hans myndi hann bráðna.

Ninja Björt Ólafsdóttir, 2. bekk

Ótrúleg jól

Einu sinni í nútímanum voru systkini sem hétu Jóna og Helgi. Þau voru oft í miklum vandræðum og gátu ekki alltaf bjargað sér út úr þeim. Premur dögum fyrir jól var pabbi þeirra að sækja jólamatinn í frystikistuna. Þetta var eitthvert útlenskt kjöt frá Ameríku sem átti að endast í heilt ár en greinilega ekki, aldeilis fýlan! Upp úr frystikistunni kom eitthvað ægilegt sem var sko alls ekki eins og kjötið sem við höfðum keypt. Mamma hljóp niður til að gá hvaðan skrýtna lykt þetta var. Hún fór niður og sá pabba. „Hvað gerðist?“ „Ég held að það sé myglað.“ „Hentu því þá í ruslið.“ „Ókey.“ „Ég ætla niður í geymslu til að ná í ameríska jólaskrautið.“ Þetta var stór kassi, það stór að mamma sá ekki þrepin. Allt í einu missteig hún sig og allt ameríska handmálaða jólaskrautið brotnaði í milljón þúsund mola. Hún öskraði eins og hún væri fræg óperusöngkona á pabba. „Já, elskan mín,“ sagði pabbi, „er allt í lagi?“ „Nei!“ Pabbi hljóp til hennar. Hann sá mölbrotna jólaskrautið og mömmu með tárin í augunum. „Hvað gerðist,“ spurði pabbi. Mamma sagði ekki orð. Hún starði á rándýra handmálaða jólaskrautið. „Viltu ekki bara fara að hvíla þig?“ Mamma sagði ekkert en labbaði inn í svefnherbergi. Hún lagðist í rúmið og sofnaði um leið. Á meðan fór pabbi að sækja jólatré sem hafði verið flutt með skipi frá Ameríku. Þegar hann var kominn þangað hitti hann mann sem sagði honum hvar jólatréð væri. Þegar hann kíkti á það var það ekki eins og jólatréð sem hann og mamma höfðu keypt. Það var ekki ein barrnál á því! Pabbi fór heim með ekkert tré. Við vorum svolítið sár að fá ekkert jólatré. Þegar pabbi kom heim var ilmandi lykt í eldhúsinu. Mamma var byrjuð að elda yndislega kjötsúpu, reyndar með engu kjöti. Þannig bjargaðist matarvandamálið. Við systkinin ákváðum að segja pabba og mömmu að jólatréð væri ekkert vandamál. Við sáum hvernig væri hægt að bjarga því. Við tókum stól og settum tvo pappakassa ofan á. Svo settum við blómapott á toppinn og grænt teppi yfir allt saman. Síðan settum við engil á toppinn. Jólaskrautsmálið var bara létt, við settum jólaskrautslengju utan um jólatréð. Þannig var jólunum bjargað!

Auður Helgadóttir og Halldóra Líney Finnsdóttir, 4. bekk

Fuglinn tístir

Einu sinni var lítill ungi. Hann var skógarpröstur. Hann kunni ekki að fljúga, hann var svo lítill. Hann var týndur. Allt í einu heyrði hann tíst í öðrum skógarpresti. Hann var líka lítill nema ekki týndur. Það var besti vinur hans og þannig bjargaðist þetta. Hulda Kristín Hauksdóttir, 2. bekk

Vaskir knattspyrnukappar

Grunnskólamaót KRR í knattspyrnu var haldið helgina 18. og 19. október á gervigrasinu í Egilshöll. Nokkrir drengir í skólanum settu sjálfir saman lið og virkjuðu foreldra sína til fylgdar. Þeir voru geysisterkir og unnu sinn riðil. Í úrslitum tæpaði Háteigsskóli fyrir Seljaskóla en gerði jafntefli við Álftamýrarskóla. Urðu drengirnir í 5. sæti í keppninni allri. Liðið skipuðu Sturla, Pétur og Kári í 7. bekk, Gunnar, Ragnar og Sigurjón í 6. bekk og Alexander og Egill í 5. bekk. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með frumkvæðið og góðan árangur.

Saman um jólin

Nú fara jólin að ganga í garð með öllum sínum veisluhöldum, mat og gjöfum og öðru sem tilheyrir þessum tíma. Flestir hafa einhverjar hefðir sem þeir halda fast í, en aðrir eru stöðugt að móta nýjar hefðir. Við skipulagningu jólanna skiptir þó að sjálfsögðu miklu máli að tekið sé tillit til fjölskyldunnar í heild og að allir fjölskyldumeðlimir séu með í ráðum eins og mögulegt er.

Upphaflega voru jólin ljósanna hátíð, haldin til að fagna hækkandi sól. Síðar varð þetta einnig hátíð friðar og kærleika, haldin til að fagna fæðingu frelsarans, en nú á síðustu árum hefur þetta að einhverju leyti snúist upp í að verða hátíð kaupmennsku og peninga og efnisleg gæði orðið ráðandi í jólahaldinu. Nú þegar skóinn kreppir víða er hins vegar full ástæða til að rifja upp hinn sanna jólaanda og muna að það besta í lífinu, eins og ást, umhyggja, bros og samvera, er ókeypis!

Margir halda að stálpuð börn og unglingar vilji síður eyða miklum tíma með foreldrum og fjölskyldu og frekar vera með vinum sínum. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að börn sem telja sig vera í nánu sambandi við foreldra sína líður almennt betur, gengur betur í skóla og leiðast síður út í fikt eða neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna. Nýjustu rannsóknir benda til þess að það hversu miklum tíma við eyðum með börnum okkar skipti meira máli varðandi forvarnir heldur en það hvað gert er á þeim tíma sem eytt er saman. Börn á öllum aldri þurfa á nærveru og stuðningi að halda, og er það eitt besta veganesti sem við getum gefið þeim. Þó að það slakni á taumnum eftir því sem börnin stækka þá er mikilvægt að foreldrar sleppi honum ekki.

Ég hvet því alla til að leggja áherslu á samveruna þessi jólin.

Njótið hátíðanna og eigið gleðileg jól saman!

Ragnhildur skólahjúkrunarfræðingur

Hó hó

Ég var á jólaskemmtun og amma kom en við áttum að mæta í náttfötum. Ég kom í náttfötum. En núna fór ég að sofa en þá sá ég jólasvein og hann sagði hó, hó. En þetta var Stekkjastaur. Margrét Halldórsdóttir, 2. bekk

Frá 105

Félagsmiðstöðin 105 hefur opið alla daga eins og venjulega í desember, síðasta opnun fyrir jól er **22. desember**, kvöldið fyrir Þorláksmessu og við ætlum að horfa á fallega jólamynd. Kosning um hvaða mynd það verður fer nú fram á netinu á kampur.is. Ein opnun er milli jól og nýárs, eða **29. desember** kl. 16-22. Áhersla er á rólegheit og kósýstemmingu allan desember. Við erum búin að baka piparkökur sem var yndislegt og kannski endurtökum við það. Einnig ætlum við að fönndra, syngja jólalög undir gítarspili, hafa skákkvöld og helst gera fullt af góðverkum. Njótum aðventunnar saman í kyrrð og ró. Kveðja, Hrefna.

Háteigs

Þessa skemmtilegu mynd gerði Lísa Phuong Anh Emmudóttir í 6. bekk.



Sagan af lundunum

Einu sinni bjó lundi í holu sinni ásamt 7 pysjum sínum. Þær hétu Kanni, Davíð, Ylfa, Lilja, Már, Nippi og Tía. Einn daginn fóru pysjurnar út úr holu sinni að leika en þá kom krummi og náði Má litla. Pysjurnar kölluðu á mömmu sína skelfingu lostnar: „Mamma, mamma! Krummi tók Má! Hvað eigum við að gera?“ „Verið róleg, pysjurnar mínar, nú förum við og kíkjum í hreiðrið hans krumma.“ Þegar þau komu að hreiðrinu var krummi langt úti á sjó. Þegar þau kíktu í hreiðrið fundu þau hálsmen, eyrnalokka og úr... og loks Má litla heilan á húfi.

Signý Ylfa Sigurðardóttir, 2. bekk

Eina ósk

Börnin voru spurð hvers þau myndu óska sér ef þau ættu eina ósk nú um jólin

Svörin voru svona:

- Jólasyrpan með Andrésí önd
- Stöð 2 og hund
- Nýfæddan hvolf
- Að fá að æfa fimleika
- Fá stóran pakka
- Hund og heimsfrið
- Hund eða kisu og að engir vondir menn væru til
- Hund
- Hund og hamstur
- Eigin tölva og sími
- Ipod og MacBook
- Ipod og samlokusíma
- Fleiri föt, nýjan samlokusíma og skemmtilegustu jól sem ég hef upplifað
- Gítar
- High School Musical 3
- Sjónvarp og tölva
- Að kisan mín verði frísk og ríkisstjórnin segi af sér
- Bækur, og að hafa það gaman á jólunum
- Að kreppan hætti, ríkisstjórnin segi af sér og D**** taki sig saman og fari
- Að það yrði heimsfriður
- Að systir mín kæmi heim um jólin

Ragnhildur skólahjúkrunarfræðingur

Aðventa

Það er aðventa. Það eru tveir dagar þangað til að Stekkjastaur kemur.

Ásrún Tryggvadóttir, 2. bekk

Skólinn

Mér finnst skólinn vera fínn og hann getur verið skemmtilegur, en ekki alltaf. En ég veit að ég þarfnast hans.

Mímir Kjartan Ástvaldsson, 6. bekk

Jólaskórin minn

Skórin sva stór.

Skórin sva mjór.

Skórin sva fínn.

Skórin frá ínn. Tryggvi Kolviður Sigtryggsson, 4. bekk

Allt í plati!

Ég var að plata jólasveininn. Það var Hurðarskellir og hann var að gefa mér í skóinn.

Magnús Ingi Kjartansson, 2. bekk

Æ, æ

Maðurinn kíkti út um gluggann. Þá rak hann höfuðið í skóinn sinn. Skórinna datt á tána á jólasveininum.

Atli Snær Valgeirsson, 2. bekk

Viðtöl við eldri starfsmenn og fyrrum nemanda

Í sambandi við afmæli skólans var tekið viðtöl við Jóhönnu Magneu Þórisdóttur eða Hönnu Mæju sem hefur verið að vinna í skólanum undanfarin ár. Frá því að Hanna Mæja byrjaði að vinna hefur skólinn lítið sem ekkert breyst. Trén eru stærri og það er komið grindverk, einnig hefur hóllinn breyst frá því að hún byrjaði hér, hann var áður alltaf grænn og flottur. Hanna Mæja var nemandi í Háteigsskóla á grunnskólaaldri. Þá var skólalóðin ekki malbikuð heldur var bara mól og unglíngadeildin var þá ekki á staðnum. Einnig var ekkert íþróttahús.

Viðtöl var tekið við Sigríði Jónu Þorvaldsdóttur (Siggu Jónu) myndmenntakennara. Hún byrjaði að vinna hér við skólann árið 1968. Hún sagði að þegar hún byrjaði að vinna hér var eiginlega engin myndmenntastofa. Það voru bara þrjú vaskar og það var mjög þröngt og erfitt að vinna þar. Kennsluáferðir hafa breyst mjög og nú er miklu stærri og betri stofa. Þá voru oftast 25 krakkar í hverri kennslustund en nú í dag er búið að skipta bekkjum. Þegar stærri stofa kom var mun auðveldara að vinna. Myndmenntastofan í dag, þ.e.a.s. stofa 102 var eiginlega fyrsta myndmenntastofan þar sem Sigga Jóna gat deilt vísu sinni á myndlist.

Ákveðið var að tala við Ragnheiði Hermannsdóttur sem hefur verið ein af þeim kennurum sem hafa verið við kennslu í skólanum sem allra lengst, eða um 37 ár. Viðtalið var tekið inni í skólastofu 3. bekkjar. „Góðan daginn“, segir Ragnheiður og fær sér sæti „hvað viljið þið vita“? Ragnheiður á auðvitað við tímann þegar hún hóf að kenna en það var árið 1971. Hún var ráðin af þáverandi skólustjóra, honum Guðmundi I. Guðjóns-syni. Atvinnuviðtalið á að hafa farið svona fram: „Áttu kærasta?“ spurði Guðmundur. „Nei,“ svaraði Ragnheiður. „En áttu börn“? „Nei“. „Þá ertu ráðin!“

Þegar Ragnheiður hóf kennslu voru skólastofurnar allt öðruvísi en nú tíðkast. Í öllum skólastofum var pallur sem kennararnir stóðu á en einungis var notast við krít og töflur við kennslu; sömuleiðis var enginn krókur. Engin fríðindi fylgdu kennarastarfinu og voru öll verkefni handskrifuð. Sátu krakkarnir tveir og tveir saman. Skólatímarnir voru styttri en venjulegt er og voru 7 ára

krakkarnir einungis 2-3 tíma í kennslu á dag.

Flestar stofur voru á öðrum stað en núna og var textíl í stofu A-102, efnafræði í stofu A-101, myndmennt í stofu A-103, tónmennt í stofu A-104 og smíði í stofu A-105 og bókasafnið var þar sem kaffistofan er staðsett núna.

Margt í sambandi við útlit skólans hefur breyst en skólinn var í tíma ómálaður að utan. Gangarnir voru málaðir fölgrenir. Ragnheiður man helst eftir lóðinni úti sem moldugri mýri, allri út í pollum. Það var heldur ekki mikið um leikföng, s.s. rólur og vegasölt. Það vandamál var leyst þegar faðir eins stráks sem vann hjá einhverju tengdu flugi, kom með gömul og slitin flugvéladekk sem krakkarnir léku sér oft við, t.d. í búðarleik eða annað. Byggingarnar í kring voru heldur ekki allar til staðar, t.d. var elliheimilið ekki til.

Svo vikið sé að öðru þá hefur Ragnheiður verið við kennslu svo lengi að oft hefur verið skipt um skólustjóra. Fyrst var auðvitað Guðmundur I. sem var pabbi Svavars Guðmundssonar sem var kennari hér við skólann. Svo kom næstur Jónas Pálsson, pabbi Gunnars Barkar sem einnig er kennari hér við skólann. Síðan Ólafur Jóhannsson. Steinunn Helga Lárusdóttir fylgdi svo á eftir og Ásgeir Beinteinsson er svo núverandi skólustjóri.

Ýmsar kennsluáferðir voru notaðar og meðal annars átti að koma fyrir í tveimur stofum gleri sem aðeins sæist í gegnum öðru megin. Þannig átti að vera hægt að fylgjast með kennslu án þess að kennaranemar trufluðu kennslustundirnar. Af því varð þó ekki.

Ragnheiður segir að skólinn hafi verið mjög skipulagður og eftir að skólabjöllunni hafi verið hringt eftir fríminútur hafi krakkarnir þurft að fara í einfaldar raðir úti, þannig að 1. bekkur fór í eina röð og 2. bekkur aðra og svo framvegis. Það sama átti við innandyra en þá fór sérhver bekkur í röð fyrir utan skólastofuna sína.

Með þessu kveðjum við Ragnheiði sem kennir áfram við Háteigsskóla glöð og ánægð.

Steinunn, Margrét Ósk, Lilja María og Auður í 7. bekk
tóku þessi viðtöl.

Týndir sveinar

Einu sinni týndust nokkrir jólasveinar, frá Kertasníki niður í Skyrgám. Ragnar Helgi Halldórsson, 2. bekk



Spakmæli mánaðarins:
Brosið er fegursta blóm jarðar.



Starfsemi Háteigsskóla 10. desember 2008 - 5. janúar 2009

	10. des.	11. des.	12. des.	15.-17. des.	18. des.	19. des.	22. des.-2. jan.	5. jan.
1. - 4. bekkur	Skv. stundatöflu. Hangikjöt í hádegi.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Viðvera kl. 10:10 – 13:40. Dagskrá í sal kl. 12:20.	Viðvera kl. 11:30 – 13:30. Jólalátré kl. 12:30.	Jólafrí. Frístund opin virka daga.	Skv. stundatöflu.
5. - 7. bekkur	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu. Hangikjöt í hádegi.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Viðvera kl. 9:10 – 12:30. Dagskrá í sal kl. 10:30.	Viðvera kl. 10:00 – 12:00. Jólalátré kl. 11:00.	Jólafrí.	Skv. stundatöflu.
8. - 10. bekkur	Jólaþróf skv. þróftöflu.	Jólaþróf skv. þróftöflu.	Jólaþróf skv. þróftöflu. Hangikjöt í hádegi.	Jólaþróf skv. þróftöflu.	Viðvera kl. 9:10 – 12:30. Valverkefni.	Kl. 8:45 í skóla. Kirkja kl. 9:00. Jólalátré í skóla til kl. 11:00.	Jólafrí.	Skv. stundatöflu.